

Borgarráð

Tillaga um viðauka vegna endurskoðunar á lánsfjáráætlun vegna breytinga á samþykktum Brúar lífeyrissjóðs

Lagt er til að borgarráð samþykki að endurskoða lánsfjáráætlun borgarsjóðs og auka lántökur borgarsjóðs um allt að 5.000 mkr á fyrri hluta ársins í tengslum við væntanlegt uppgjör á lífeyrisskuldbindingum við A-deild Brúar lífeyrissjóðs vegna breytinga á samþykktum Brúar lífeyrissjóðs. Í fylgiskjali er að finna áhrifin sjóðstreymi A-hluta og samstæðu Reykjavíkurborgar.

Greinargerð

Eins og rakið var í minnisblaði fjármálastjóra til borgarráðs dags. 16. janúar 2017 hefur löggjafinn ákveðið með lögum nr. 127/2016 að gerðar skuli breytingar á samþykktum Lífeyrissjóðsins Brúar (áður Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga). Breytingarnar fela eftirfarandi í sér skv. upplýsingum frá Brú lífeyrissjóði:

- Réttindaávinnsla sjóðfélaga í A-deild er breytt úr jafnri réttindaávinnslu yfir í aldurstengda réttindaávinnslu og nýir sjóðfélagar frá 1. júní 2017 fara beint í aldurstengda réttindaávinnslu.
- Lífeyrisaldur er samræmdur við almennan vinnumarkað og verður 67 ár.
- A deild er viðhaldið og þeir sem greiða áfram iðgjald til sjóðsins fara yfir í aldurstengda réttindaávinnslu en mismunur á réttindum í jafnri og aldurstengdri ávinnslu er greiddur með sérstöku framlagi, lífeyrisauka, sem launagreiðendur, sveitarfélög, og ríki greiða inn til sjóðanna.
- Nýir sjóðfélagar frá og með 1. júní 2017 fara beint í aldurstengda réttindaávinnslu.
- Launagreiðendur, ríki og sveitarfélög greiða einnig til sjóðanna framlag í varúðarsjóð.
- Mótframlag launagreiðanda lækkar úr 12% í 11,5% þann 1. júní 2017.
- Réttindi þeirra sem byrjaðir eru á lífeyri þann 31. maí í 2017 og þeirra sem verða 60 ára á sama tíma verða ekki skert eða augin þó svo til skerðingar eða réttindaaukningar komi hjá öðrum sjóðfélögum. Launagreiðendur, sveitarfélög og ríkissjóður gera sérstaklega upp fjárhagsleg áhrif vegna þessara sjóðfélaga við sjóðinn.

Með þessum breytingum á samþykktum Brúar lífeyrissjóðs verður Reykjavíkurborg skylt:

- ü Að gera upp áfallnar skuldbindingar umfram eignir pr. 31.5.2017 (jafnvægisframlag) annað hvort með skuldabréfi á 3,5% verðtryggðum vöxtum eða með beinni greiðslu þegar uppgjör liggur fyrir (væntanlega í ágúst/sept 2017). Samkvæmt grófri áætlun m.v. 31.12.2016 nemur þessi fjárhæð 3.600 mkr fyrir borgarsjóð.
- ü Að gera upp framlag í lífeyrisaukasjóð annað hvort með peningum eða með skuldabréfi á 3,5% verðtryggðum vöxtum til allt að 30 ára þegar mat á framlaginu liggur fyrir (væntanlega í ágúst/sept 2017). Samkvæmt grófri áætlun m.v. 31.12.2016 nemur þessi fjárhæð 9.800 mkr fyrir

borgarsjóð.

- ü Að gera um framlag í varúðarsjóð annað hvort með peningum eða með skuldabréfi á 3,5% verðtryggðum vöxtum til allt að 20 ára þegar mat á framlaginu liggur fyrir (væntanlega í ágúst/sept 2017). Samkvæmt grófri áætlun m.v. 31.12.2016 nemur þessi fjárhæð 1.000 mkr fyrir borgarsjóð.
- ü Í heildina þýðir þetta að framlög borgarsjóðs til sjóðsins vegna þessa uppgjors verða um 14.400 mkr skv. áætlun tryggingarstærðfræðings sjóðsins að viðbættum framlögum vegna tímabilsins 1.1.2017-31.5.2017.

Fyrir liggur samþykki stofnaðila Brúar lífeyrissjóðs á endurskoðuðum samþykktum er varðar allt ofangreint.

Vakin er athygli á því að skv. framangreindum forsendum er ekki gert ráð fyrir að Reykjavíkurborg njóti þess við uppgjórið að verðtryggð krafa borgarinnar á markaði er talsvert undir 3,5% um þessar mundir, eða um 2,75% á bréfum til 36 ára. Því telur fjármálaskrifstofa skynsamlegt að fjármagna a.m.k. hluta framlagsins með því að afla fjár á skuldabréfamarkaði og greiða inn í sjóðinn. Í ljósi tímarammans og þess að aðstæður á markaði eru heppilegar telur fjármálaskrifstofa brýnt að hefja nú þegar þessa lánsfjáröflun og er þess vegna farið fram á endurskoðun á fjárhagsáætlun og útgáfuáætlun vegna skuldabréfa borgarsjóðs sem veiti heimild til að taka allt að 5.000 mkr lán á fyrri hluta ársins. Á næstu vikum mun fara fram ítarlegri greining á valmöguleikum við uppgjórið gagnvart Brú og mun sú greining liggja til grundvallar endanlegri ákvörðun um lántöku. Endanlegt mat Brúar lífeyrissjóðs á skuldbindingunni mun síðan leiða í ljós í ágúst/september nk hvort og þá hve mikið þyrfti að auka lántökuna á seinni hluta ársins.

Ofangreindar breytingar á samþykktum Brúar lífeyrissjóðs fela í sér að skuldir A-hluta aukast sem nemur lántökum til að fjármagna uppgjórið, hvernig sem það skiptist milli beins framlags og framlags í formi skuldabréfs á 3,5% verðtryggðum vöxtum. Almenn myndi svona uppgjör fela í sér að krafan í heild sinni er gjaldfærð á því rekstrarári sem hún er innheimt. Líta má á framlögin í lífeyrisaukasjóð og varúðarsjóð sem framlög gagnvart kröfum til framtíðar. Það réttlætir að þessi framlög verði eignfærð í efnahag og síðan gjaldfærð eftir t.d. línulegri aðferð en áfallin skuldbinding gjaldfærð á árinu. Er unnið að því að fá endurskoðun á reglugerð til að þessi niðurstaða megi verða. Það myndi létta verulega áhrifin á rekstrarniðurstöðuna m.v. að taka allt sem gjaldfærslu á þessu ári.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Áhrif 5.000 mkr. lántöku vegna greiðslu á framlögum til Brúar lífeyrissjóðs á sjóðstreymi A-hluta og samstæðu Reykjavíkurborgar.

Kynning Brúar lífeyrissjóðs á breytingum á A-deild lífeyrissjóðs dags. 21. mars 2017

Samstæða

SJÓÐSTREYMISYFIRLIT	Samþykkt áætlun 2017	Breytt áætlun maí 2017	Breyting maí 2017
Rekstrarhreyfingar:			
Niðurstaða ársins.....	14.588.743	14.588.743	0
Liðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Reiknaðar afskriftir	16.514.768	16.514.768	0
Verðbætur og gengismunur	(4.889.573)	(4.889.573)	0
Hlutdeild minnihluta í afkomu	0	0	0
Hlutdeild í afkomu dótturfélaga	0	0	0
(Söluhagnaður) / tap rekstrarfjármuna	(4.201.000)	(4.201.000)	0
Framlög frá eigin sjóðum	0	0	0
Matsbreyting fjárfestingaeigna	3.807.425	3.807.425	0
Aðrar breytingar	0	0	0
Breytingar á skuldbindingum	7.694.331	7.694.331	0
Veltufé frá rekstri (til rekstrar)	33.514.693	33.514.693	0
Breytingar á skammtímalíðum:			
Birgðir, lækkun (hækkun)	(30.000)	(30.000)	0
Óinnheimtar tekjur, lækkun (hækkun)	(51.209)	(51.209)	0
Aðrar skammtímakr., lækkun (hækkun)	(3.000.575)	(3.000.575)	0
Afborganir skuldbindinga	(2.540.133)	(7.540.133)	(5.000.000)
Skammtímaskuldir, hækkun (lækkun)	654.793	654.793	0
Breytingar á rekstrart. eignum og skuldum	(4.967.124)	(9.967.124)	(5.000.000)
Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)	28.547.568	23.547.568	(5.000.000)
Fjárfestingarhreyfingar:			
Fjárfesting í varanl. rekstrarfjármunum.....	(32.321.246)	(32.321.246)	0
Söluverð seldra rekstrarfjármuna.....	4.690.713	4.690.713	0
Eignahlutir í félögum, breyting.....	(1.005.164)	(1.005.164)	0
Langtímakröfur, breyting.....	206.038	206.038	0
Aðrar langtímakröfur, breyting.....	(23.713)	(23.713)	0
Langtímakröfur við eigin fyrirtæki, breyting.....	0	0	0
Aðrar fjárfestingarhreyfingar.....	0	0	0
Fjárfestingarhreyfingar	(28.453.372)	(28.453.372)	0
Fjármögnunarhreyfingar:			
Framlög frá eigin fyrirtækjum.....	838.850	838.850	0
Breyting á hlutafé.....	1.136.000	1.136.000	0
Viðskiptastaða eigin fyrirtækja, breyting.....	0	0	0
Tekin ný langtímalán.....	14.973.400	19.973.400	5.000.000
Afborganir langtímalána.....	(18.290.812)	(18.290.812)	0
Langtímask. við eigin fyrirtæki, breyting.....	(0)	(0)	0
Skammtímalán, breyting.....	(2.990.000)	(2.990.000)	0
Fjármögnunarhreyfingar	(4.332.562)	667.438	5.000.000
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	(4.238.365)	(4.238.365)	0
Handbært fé (fjárbörf) í ársbyrjun	30.421.501	30.421.501	0
Handbært fé (fjárbörf) í árslok	26.183.136	26.183.136	0

A-hluti

SJÓÐSTREYMISYFIRLIT	Samþykkt áætlun 2017	Breytt áætlun maí 2017	Breyting maí 2017
Rekstrarhreyfingar:			
Niðurstaða ársins.....	1.818.653	1.818.653	0
Liðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Reiknaðar afskriftir	4.582.425	4.582.425	0
Verðbætur og gengismunur	755.385	755.385	0
Hlutdeild minnihluta í afkomu	0	0	0
Hlutdeild í afkomu dótturfélaga	0	0	0
(Söluhagnaður) / tap rekstrarfjármuna	(4.201.000)	(4.201.000)	0
Framlög frá eigin sjóðum	0	0	0
Matsbreyting fjárfestingaæigna	0	0	0
Aðrar breytingar	0	0	0
Breytingar á skuldbindingum	5.861.000	5.861.000	0
Veltufé frá rekstri (til rekstrar)	8.816.463	8.816.463	0
Breytingar á skammtímalíðum:			
Birgðir, lækkun (hækkun)	0	0	0
Óinnheimtar tekjur, lækkun (hækkun)	0	0	0
Aðrar skammtímakr., lækkun (hækkun)	25.000	25.000	0
Afborganir skuldbindinga	(2.250.000)	(7.250.000)	(5.000.000)
Skammtímaskuldir, hækkun (lækkun)	0	0	0
Breytingar á rekstrart. eignum og skuldum	(2.225.000)	(7.225.000)	(5.000.000)
Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)	6.591.463	1.591.463	(5.000.000)
Fjárfestingarhreyfingar:			
Fjárfesting í varanl. rekstrarfjármunum.....	(11.727.572)	(11.727.572)	0
Söluverð seldra rekstrarfjármuna.....	4.201.000	4.201.000	0
Eignahlutir í félögum, breyting.....	(1.005.164)	(1.005.164)	0
Langtímakröfur, breyting.....	118.627	118.627	0
Aðrar langtímakröfur, breyting.....	0	0	0
Langtímakröfur við eigin fyrirtæki, breyting.....	841.772	841.772	0
Aðrar fjárfestingarhreyfingar.....	0	0	0
Fjárfestingarhreyfingar	(7.571.336)	(7.571.336)	0
Fjármögnunarhreyfingar:			
Framlög frá eigin fyrirtækjum.....	0	0	0
Breyting á hlutafé.....	0	0	0
Viðskiptastaða eigin fyrirtækja, breyting.....	(5.632)	(5.632)	0
Tekin ný langtímalán.....	3.012.400	8.012.400	5.000.000
Afborganir langtímalána.....	(2.169.166)	(2.169.166)	0
Langtímask. við eigin fyrirtæki, breyting.....	0	0	0
Skammtímalán, breyting.....	0	0	0
Fjármögnunarhreyfingar	837.602	5.837.602	5.000.000
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	(142.271)	(142.271)	0
Handbært fé (fjárförf) í ársbyrjun	7.856.226	7.856.226	0
Handbært fé (fjárförf) í árslok	7.713.955	7.713.955	0

Til þess sem málið varðar

Reykjavík, 21. mars 2017.

Mál nr. 1702547

Breyting á A deild Brúar lífeyrissjóðs vegna breytinga á lögum um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, nr. 1/1997.

Með setningu laga nr. 127/2016 var lögum um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins breytt og hefur sú lagabreyting áhrif á A deildar Brúar lífeyrissjóðs en helstu breytingarnar eru eftirfarandi og taka þær gildi 1. júní 2017:

1. Réttindaávinnsla A deildar er breytt úr jafnri réttindaávinnslu yfir í aldurstengda réttindaávinnslu.
2. Lífeyrisaldur samræmdur við almennan vinnumarkað og verður 67 ár.
3. A deild er viðhaldið og þeir sem greiða áfram iðgjald til sjóðsins fara yfir í aldurstengda réttindaávinnslu en mismunur á réttindum í jafnri og aldurstengdri ávinnslu er greiddur með sérstöku framlagi, lífeyrisauka, sem launagreiðendur, sveitarfélög, og ríki greiða inn til sjóðanna.
4. Nýir sjóðfélagar frá 1. júní 2017 fara beint í aldurstengda réttindaávinnslu.
5. Launagreiðendur, ríki og sveitarfélög greiða einnig til sjóðanna framlag í varúðarsjóð.
6. Mótframlag launagreiðanda lækkar úr 12% í 11,5% þann 1. júní 2017.
7. Réttindi þeirra sem byrjaðir eru á lífeyri þann 31. maí í 2017 og þeirra sem verða 60 ára á sama tíma verða ekki skert eða aukin þó svo til skerðingar eða réttindaaukningar komi hjá öðrum sjóðfélögum. Launagreiðendur, sveitarfélög og ríkissjóður gera sérstaklega upp fjárhagsleg áhrif vegna þessara sjóðfélaga við sjóðinn.

Samkvæmt samkomulagi ríkis og sveitarfélaga er það sameiginlegt mat að í ljósi fjárhagsstöðu ríkissjóðs annars vegar og sveitarfélaga hins vegar sé það í þágu settra markmiða um opinber fjármál að ríkissjóður taki yfir um 23,6 ma.kr. af þeim skuldbindingum sem sveitarfélögin hefðu ella borið vegna fjárframlaga til A deildar LSR. Hér er að stærstum hluta um að ræða lífeyrisskuldbindingar vegna grunnskólakennara. Samkomulagið gerir jafnframt ráð fyrir að ríkið eigi endurkröfurétt gagnvart þeim sveitarfélögum sem ekki gera upp skuldbindingar sínar gagnvart Brú lífeyrissjóði.

Lífeyrisaukasjóður sem fer til Brúar lífeyrissjóðs er samtala af áfallinni tryggingafræðilegri stöðu sjóðsins og reiknaðri framtíðarskuldbindingu. Við vinnslu framangreindra laga var áætlað að lífeyrisaukasjóðurinn fyrir A deild Brúar næmi um 36,5 ma.kr. og varúðarsjóðurinn 2,6 ma.kr. Í samþykktum sjóðsins verður gerð frekari grein fyrir lífeyrisaukasjóðnum og varúðarsjóðnum.

Með fullri fjármögnun framtíðarskuldbindinga er hér horfið frá óbeinni bakábyrgð launagreiðenda sem felst í skyldu til að greiða hærri iðgjald sé sjóðurinn í halla og jafnframt hefur náðst að leiðrétta kerfisbundna skekkju vegna óhagstæðrar aldursamsetningar sjóðfélaga.

Hjá Brú lífeyrissjóði er unnið að undirbúningi á uppgjöri við launagreiðendur um lífeyrisaukasjóð og varúðarsjóð en uppgjörið sjálft mun taka mið af stöðu A deildar sjóðsins þann 31. maí 2017. Uppgjörið mun skiptast í þrennt;

1. Uppgjör á halla áfallinna lífeyrisskuldbindinga 31. maí 2017.
2. Uppgjör á reiknuðum framtíðarskuldbindingum frá 31. maí 2017.
3. Uppgjör á varúðarsjóði.

Starfsmenn sjóðsins munu á næstu vikum hafa samband við sveitarfélög og aðra launagreiðendur þar sem farið verður yfir frekari útfærslu á framangreindu uppgjöri.

Frekari upplýsingar veitir Gerður Guðjónsdóttir framkvæmdastjóri Brúar lífeyrissjóðs, s. 5400700 eða á netfanginu gerdur@lifbru.is